

## 67. gr.

*Lausráðnir starfsmenn.*

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí 1998. Þó skal 1. gr. samþykktarinnar taka gildi nú þegar þannig að í sveitarstjórnarkosningum í maí 1998 verði kjörnir 9 aðalmenn í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Við gildistöku samþykktar þessarar fellur úr gildi samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 372/1996.

*Félagsmálaráðuneytinu, 18. mars 1998.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

**GJALDSKRÁ****fyrir sorphirðu á Siglufirði.**

## 1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

## 2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki á Siglufirði.

## 3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir sorphirðugjald kr. 6.500

B) Fyrirtæki:

Flokkur A: Stærstu fyrirtæki greiða sorphirðugjald eftir vigt.

Flokkur B sorphirðugjald kr. 120.000

Flokkur C sorphirðugjald kr. 70.000

Flokkur D sorphirðugjald kr. 40.000

Flokkur E sorphirðugjald kr. 25.000

Flokkur F sorphirðugjald kr. 10.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka m.a. eftir magni úrgangs.

Fyrirtæki í flokki A greiða kr. 2.000 (án vsk.) í urðunargjald fyrir hvert tonn en að auki greiða fyrirtækin gámaleigu og fyrir akstur úrgangs og losun á urðunarstað samkvæmt reikningi frá verktaka.

Þeir rekstraraðilar sem eru með sérsamning við verktaka í sorphreinsun skulu greiða sem nemur 15% af upphæð þess flokks sem fyrirtæki þeirra flokkast í.

Gjald á rekstraraðila í flokki A með slíkan sérsamning skal vera kr. 20.000.

Sorphirðugjöld vegna íbúða eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar sorphirðugjalda eru fimm fyrir flokka A-E en einn fyrir flokk F.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast sérstaklega kr. 4.000 (án vsk.) fyrir tonnið. Spilliefni, s.s. olíur, eldsneyti og kælivökvi, skulu áður tekin af vélum á viðurkenndan hátt og skilað til móttökustöðvar.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.000 (án vsk.) fyrir tonnið.

Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði.

Fyrir steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o. þ.h. grófan úrgang greiðast kr. 200 (án vsk.) á rúmmetra.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa, meðan ekki er komið á kerfi fyrir ósoneyðandi kælimiðla í samræmi við lög um spilliefnagjald.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

Innheimta samkvæmt gjaldskrá þessari er gerð með sérstökum reikningi og er eindagi 30 dögum eftir útgáfu hans.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 304/1997.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. mars 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 79/1996 um amalammengað vatn og amalammengaðan úrgang frá tannlæknastofum.**

#### 1. gr.

Í 1. ml. 10. gr. falli „ , en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári“ á brott.

#### 2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 12. mars 1998.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*